**128. löggjafarþing 2002–2003.**
**Þskj. 1141 — 559. mál.**

# Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Rannveigar Guðmundsdóttur um sérfræðimenntaða lækna.

1. *Hversu margir sérfræðimenntaðir læknar sem starfa hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi eru jafnframt með sjálfstæðan atvinnurekstur? Svar óskast sundurliðað eftir deildum og sérgreinasviðum.*

Af 416 sérfræðingum við Landspítala – háskólasjúkrahús eru 221 jafnframt með sjálfstæðan atvinnurekstur.

**Fjöldi lækna í hlutastarfi eftir sviði og deild.**

| | |
|---|---|
| Barnasvið | |
| Barnalækningar | 17 |
| Barnaskurðlækningar | 2 |
| Geðsvið | |
| Almennir geðlæknar | 27 |
| Barna- og unglingageðdeild | 2 |
| Meinafræðingar | 8 |
| Kvensjúkdómalæknar | 11 |
| Lyflækningasvið 1 | |
| Gigtarsjúkdómar | 5 |
| Hjartasjúkdómar | 14 |
| Húð- og kynsjúkdómar | 3 |
| Innkirtlasjúkdómar | 3 |
| Lungnasjúkdómar | 12 |
| Meltingasjúkdómar | 8 |
| Nýrnasjúkdómar | 3 |
| Taugasjúkdómar | 5 |
| Lyflækningasvið 2 | |
| Blóðlækningar | 5 |
| Lækningar krabbameina | 7 |
| Rannsóknarstofnun | 10 |
| Skurðlækningasvið | |
| Almennir skurðlæknar | 8 |
| Augnlæknar | 10 |
| Bæklunarskurðlæknar | 9 |
| Háls-, nef- og eyrnalæknar | 12 |
| Heila- og taugaskurðlæknar | 4 |
| Lýtalæknar | 5 |
| Þvagfæraskurðlæknar | 7 |
| Æðaskurðlæknar | 3 |
| Slysa- og bráðalækningar | 4 |
| Svæfing og gjörgæsla | 4 |
| Öldrunarlækningar | 8 |
| Aðrir | 5 |
| **Samtals** | **221** |

2. *Byggjast kjör sérfræðimenntaðra lækna, sem starfa hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi og eru jafnframt með sjálfstæðan atvinnurekstur, á kjarasamningum lækna?*

Fram að þessu hafa um 60 læknar fengið hluta af launum sínum sem verktakar við ferliverk, en frá og með 1. mars 2003 byggjast laun allra sérfræðinga við Landspítala – háskólasjúkrahús alfarið á kjarasamningum lækna.

3. *Hvert er starfshlutfall sérfræðinga á Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem jafnframt eru með sjálfstæðan atvinnurekstur, sundurliðað eftir deildum og sérgreinum?*

**Fjöldi lækna með atvinnurekstur í hlutastarfi eftir sviðum og deildum.**

| Svið | Deild | Starfshlutfall | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Barnasvið | | 40,00% | 2 |
| | | 60,00% | 1 |
| | | 70,00% | 8 |
| | | 80,00% | 4 |
| | | 100,00% | 4 |
| Geðsvið | | 8,59% | 1 |
| | | 32,00% | 1 |
| | | 40,00% | 2 |
| | | 50,00% | 1 |
| | | 60,00% | 2 |
| | | 80,00% | 13 |
| | | 100,00% | 9 |
| Meinafræðingar | | 50,00% | 1 |
| | | 80,00% | 7 |
| Kvennasvið | | 10,00% | 1 |
| | | 75,00% | 3 |
| | | 80,00% | 7 |
| Lyflækningasvið 1 | Gigtarsjúkdómar | 32,00% | 1 |
| | | 60,00% | 3 |
| | | 100,00% | 1 |
| Lyflækningasvið 1 | Hjartasjúkdómar | 40,00% | 1 |
| | Hjartasjúkdómar | 60,00% | 1 |
| | Hjartasjúkdómar | 65,00% | 1 |
| | Hjartasjúkdómar | 80,00% | 10 |
| | Hjartasjúkdómar | 100,00% | 1 |
| Lyflækningasvið 1 | Húð- og kynsjúkdómar | 25,00% | 1 |
| | Húð- og kynsjúkdómar | 50,00% | 1 |
| | Húð- og kynsjúkdómar | 75,00% | 1 |
| Lyflækningasvið 1 | Innkirtlasjúkdómar | 80,00% | 2 |
| | Innkirtlasjúkdómar | 100,00% | 1 |
| Lyflækningasvið 1 | Lungnasjúkdómar | 20,00% | 1 |
| | Lungnasjúkdómar | 50,00% | 2 |
| | Lungnasjúkdómar | 60,00% | 1 |
| | Lungnasjúkdómar | 80,00% | 8 |

| Svið | Deild | Starfshlutfall | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Lyflækningasvið 1 | Meltingasjúkdómar | 5,00% | 1 |
| | Meltingasjúkdómar | 50,00% | 1 |
| | Meltingasjúkdómar | 60,00% | 1 |
| | Meltingasjúkdómar | 65,00% | 2 |
| | Meltingasjúkdómar | 80,00% | 3 |
| Lyflækningasvið 1 | Nýrnasjúkdómar | 50,00% | 1 |
| | Nýrnasjúkdómar | 75,00% | 1 |
| | Nýrnasjúkdómar | 80,00% | 1 |
| Lyflækningasvið 1 | Taugasjúkdómar | 50,00% | 1 |
| | Taugasjúkdómar | 60,00% | 2 |
| | Taugasjúkdómar | 80,00% | 2 |
| Lyflækningasvið 2 | Blóðlækningar | 25,00% | 1 |
| | Blóðlækningar | 30,00% | 1 |
| | Blóðlækningar | 50,00% | 1 |
| | Blóðlækningar | 80,00% | 1 |
| | Blóðlækningar | 100,00% | 1 |
| Lyflækningasvið 2 | Lækningar krabbameina | 40,00% | 1 |
| | Lækningar krabbameina | 80,00% | 5 |
| | Lækningar krabbameina | 100,00% | 1 |
| Rannsóknarstofnun LSH | | 20,00% | 4 |
| | | 35,00% | 1 |
| | | 40,00% | 1 |
| | | 50,00% | 1 |
| | | 60,00% | 1 |
| | | 80,00% | 2 |
| Skurðlækningasvið | Almennir skurðlæknar | 80,00% | 8 |
| Skurðlækningasvið | Augnlæknar | 35,00% | 1 |
| | Augnlæknar | 40,00% | 3 |
| | Augnlæknar | 80,00% | 6 |
| Skurðlækningasvið | Bæklunarskurðlæknar | 50,00% | 1 |
| | Bæklunarskurðlæknar | 60,00% | 2 |
| | Bæklunarskurðlæknar | 70,00% | 1 |
| | Bæklunarskurðlæknar | 80,00% | 5 |
| Skurðlækningasvið | Háls-, nef- og eyrnalæknar | 17,60% | 3 |
| | Háls-, nef- og eyrnalæknar | 20,00% | 1 |
| | Háls-, nef- og eyrnalæknar | 50,00% | 5 |
| | Háls-, nef- og eyrnalæknar | 60,00% | 2 |
| | Háls-, nef- og eyrnalæknar | 80,00% | 1 |
| Skurðlækningasvið | Heila- og taugaskurðlæknar | 80,00% | 2 |
| | Heila- og taugaskurðlæknar | 100,00% | 2 |
| Skurðlækningasvið | Lýtalæknar | 50,00% | 4 |
| | Lýtalæknar | 75,00% | 1 |
| Skurðlækningasvið | Þvagfæraskurðlæknar | 20,00% | 2 |
| | Þvagfæraskurðlæknar | 60,00% | 1 |
| | Þvagfæraskurðlæknar | 80,00% | 3 |
| | Þvagfæraskurðlæknar | 100,00% | 1 |

| Svið | Deild | Starfshlutfall | Fjöldi |
|---|---|---|---|
| Skurðlækningasvið | Æðaskurðlæknar | 80,00% | 2 |
| | Æðaskurðlæknar | 100,00% | 1 |
| Slysa- og bráðasvið | Slysa- og bráðalækningar | 20,00% | 1 |
| | Slysa- og bráðalækningar | 40,00% | 1 |
| | Slysa- og bráðalækningar | 75,00% | 1 |
| | Slysa- og bráðalækningar | 80,00% | 1 |
| Svæfinga-, gjörgæslu- og skurðstofusvið | Svæfing og gjörgæsla | 40,00% | 2 |
| | Svæfing og gjörgæsla | 70,00% | 1 |
| | Svæfing og gjörgæsla | 80,00% | 1 |
| Aðrir | Læknar á rannsóknastyrkjum | 20,00% | 1 |
| | | 25,00% | 2 |
| | | 40,00% | 1 |
| | | 50,00% | 1 |
| Öldrunarlækningar | Öldrunarlækningadeild | 25,00% | 1 |
| Öldrunarlækningar | Öldrunarlækningadeild | 30,00% | 1 |
| Öldrunarlækningar | Öldrunarlækningadeild | 50,00% | 2 |
| Öldrunarlækningar | Öldrunarlækningadeild | 60,00% | 1 |
| Öldrunarlækningar | Öldrunarlækningadeild | 65,00% | 1 |
| Öldrunarlækningar | Öldrunarlækningadeild | 80,00% | 1 |
| Öldrunarlækningar | Öldrunarlækningadeild | 100,00% | 1 |

4. *Eru kjör sérfræðimenntaðra lækna sem starfa eingöngu hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi þau sömu og sérfræðinga sem jafnframt eru með sjálfstæðan atvinnurekstur?*

Kjör sérfræðimenntaðra lækna við Landspítala – háskólasjúkrahús fara alfarið eftir kjarasamningum Læknafélags Íslands og fjármálaráðuneytisins. Almennt gildir sú regla að sérfræðingar sem reka eigin stofu eru ekki í meira en 80% starfi á spítalanum. Undantekning er að nokkrir yfirlæknar eru í 100% starfi meðan á aðlögun stendur, en þeir hætta eigin stofurekstri innan ákveðins umsamins tíma, vilji þeir starfa áfram sem yfirlæknar. Þeir sérfræðingar, sem eru í 100% starfi á spítalanum og ekki eru með eigin rekstur, eiga kost á 10% viðbótarálagi fyrir að helga sig starfinu á spítalanum.

Enn fremur er í kjarasamningi heimilt að veita launabætur fyrir sérstök ábyrgðarstörf eða umsjón með ákveðnum verkþáttum og eru þeir læknar sem helga sig starfi á spítalanum, látnir ganga fyrir með slíkar ábyrgðarstöður. Hvað varðar heildarkjör þá eru þeir læknar sem reka eigin stofu að jafnaði talsvert betur launaðir en þeir sem helga sig störfum á spítalanum.

5. *Eru aðrir sérfræðingar í hlutastarfi hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi sem jafnframt eru með sjálfstæðan atvinnurekstur, svo sem sálfræðingar, félagsráðgjafar, iðjuþjálfar, sjúkraþjálfar og næringarráðgjafar? Ef svo er:*
   a. *er það þá samkvæmt kjarasamningum,*
   b. *hversu margir eru sérfræðingarnir,*
   c. *hvernig skiptast þeir eftir starfsgreinum og deildum?*

Almennt gildir sú regla að þeir sem vinna fulla vinnu við spítalann starfi ekki annars staðar líka. Þó hefur tíðkast að nokkrir sjúkraþjálfarar á endurhæfingasviði leigi aðstöðu inni á spítalanum eftir dagvinnutíma og greiða fyrir það aðstöðugjald. Þeir eru tíu og samningar þeirra falla úr gildi 31. mars 2003.